Ár 1973, mánudaginn 29. október, var í málinu nr. 8/1973 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

**ú r s k u r ð u r :**

Málavextir eru þeir, að Skátafélag Akraness hefur umráð lands í landi Stóru-Drageyrar í Skorradal, en landið mun vera eign ríkisins. Í landi þessu hefur félagið hafið húsbyggingu fyrir nokkru. Í aðalmati fasteigna er fasteign þessi metin á samtals 799 þús. krónur, þar af er landverð 130 þús. krónur og verð mannvirkja 669 þús. krónur. Árið 1972 var lagður fasteignaskattur á fasteign þess af hálfu Skorradalshrepps, en þeirri skattlagningu hefur félagið ekki viljað una. Ritaði það hreppnum bréf, dags. 6. desember 1972, þar sem þess er farið á leit, að skatturinn verði felldur niður. Því erindi var hafnað af hreppsnefnd, svo sem fram kemur í bréfi oddvita, en það er dagsett 31. janúar 1973.

Ofangreindu ágreiningsmáli hefur Skátafélag Akraness skotið til Yfirfasteignamatsnefndar með bréfi, dags. 8. febrúar 1973. Telur félagið, að umrædd fasteign sé undanþegin fasteignaskatti, þar sem húsið sé ætlað fyrir sumarbúðir fyrir börn og unglinga af Akranesi og starfsemi félagsins, þegar það verði tekið í notkun.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga, skal með þeim undantekningum, er greinir í 5. gr. sömu laga, leggja árlega skatt til sveitarfélaga á allar fasteignir, sem metnar eru í fasteignamati. Telja verður, að þetta ákvæði sé á þeirri forsendu reist, að leggja beri fasteignaskatt á fasteignir, sem réttilega hafi verið metnar í fasteignamati í byrjun álagningarársins. Í vottorði byggingarfulltrúa vesturlandsumdæmis, dags. 26. maí 1973, segir um ásigkomulag hússins á þessa leið: „Húsið, sem er timburhús á steyptum þvergrunnveggju og byggt þannig á lofti, er í fokheldu ástandi. Þak er járnklætt og frágengið með kjöl, eftir að setja rennur og klæða þakbrúnir, gler og plasthúðuð spjöld er lauslega tilt í föls, útihurðir settar í, klætt er milli gólfbita að nokkru, að neðan, en eftir er að ganga frá einangrun og leggja gólfklæðningu".

Samkvæmt ofangreindri lýsingu verður að telja ótvírætt að byggingu hússins sé eigi svo langt komið, að það eigi að meta fasteignamati. Er því óskylt að svara fasteignaskatti af því. Hins vegar brestur, a.m.k. að svo stöddu, lagaheimild til að undanþiggja landið fasteignaskatti.

## Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Skátafélagi Akraness er skylt að svara fasteignaskatti fyrir árið 1972 af landspildu þeirri, sem það hefur umráð yfir í landi Stóru-Drageyrar í Skorradal, en hins vegar ekki af húsi félagsins á sama stað.

Gaukur Jörundsson

Torfi Ásgeirsson　　　　Pálmi Jónsson

Rétt afrit staðfest.
Reykjavík, 29. október 1973.